



Alþingi
Erindi nr. P 135/1958
komudagur 1.4.2008

Skrifstofa rektors

Alþingi - nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Akureyri, 31. mars 2008

Tilv.: 0803027


Efni: Tillaga til þingsályktunar um prófessorsembætti kennt við Jónas Hallgrímsson, 221. mál.

Háskólinn á Akureyri þakkar fyrir tækifærið að fá að senda umsögn um ofangreinda tillögu til þingsályktunar.

Háskólinn á Akureyri lýsir sig fylgjandi fram kominni þingsályktunartillögu um að stofnað verði til prófessorsembættis sem kennt yrði við Jónas Hallgrímsson skáld og hefði það að meginmarkmiði að standa vörð um íslenska tungu og ljóðrækt. Segja má að með stofnun þessa embættis yrði minningu Jónasar viðeigandi sómi sýndur en ekki þarf að fjölyrða um mikilvægi hans fyrir íslenskt mál og skáldskap og þar með íslenska menningu í heild.

Um leið og Háskólinn á Akureyri lýsir þannig yfir stuðningi við fyrrnefnda þingsályktunartillögu vill hann leyfa sér að benda á þann möguleika að setja umrætt prófessorsembætti við Háskólann á Akureyri enda þótt þingsályktunartillagan geri ráð fyrir að það verði sett við Háskóla Íslands. Ekki verður dregið í efa að Háskóli Íslands er verðugt aðsetur fyrir Jónas og arfleifð hans en ákveðin rök hníga engu að síður að því að Háskólinn á Akureyri sé engu lakari kostur. Þannig er alkunna að Jónas var Norðlendingur – Öxnadælingur nánar tiltekið – og sér þess víða stað í kveðskap hans. Uppruni hans skapar því ákveðin tengsl við Háskólann á Akureyri sem er í kallfæri við minningarstofu þá og fræðimannsíbúð sem opnaðar voru síðastliðið haust að Hrauni, fæðingarstað Jónasar. Við Háskólann á Akureyri er í boði fjölbreytt nám og þar eru stundaðar öflugar rannsóknir í náttúruvísindum. Að auki skal þess getið að nú stendur fyrir dyrum sameining kennara- og félagsvísinda- og lagadeilda Háskólans á Akureyri í eina deild en í hinni nýju deild sem til verður við þá sameiningu er gert ráð fyrir öflugri námi í íslenskum fræðum. Prófessorsembætti kennt við Jónas Hallgrímsson yrði myndarlegur hornsteinnur undir þetta nám og þær rannsóknir sem fram fara samhliða því.

Virðingarfyllst,


Þorsteinn Gunnarsson, rektor